

Mat á áhrifum Fiskeldisins Haukamýri ehf. á vatnshlotið

Vísað er til matsskyldufyrirspurnar til Skipulagsstofnunar

Þar má sérstaklega benda á eftirfarandi kafla

Kafli 2.4 Fjaran: Lýsing á staðháttum við viðtakann.

Kafli 3.2.6 Frárennsli: Lýsing á fyrirkomulagi við frárennslið

Kafli 3.3.4 Frárennsli: Lýsing á fyrirhugðum framkvæmdum til að hreinsa frárennslið

Kafli 4.6 Frárennsli og klóak: Mat á hvaða efni og magn þeirra sem losuð verða frá eldinu ásamt mæliniðurstöður á losun fyrri ára

Kafli 5.4.6 Viðtakinn: Umhverfisáhrif, mótvægisáðgerðir og rannsóknir

Samantekt úr ofangreindum köflum:

Viðtakinn á frárennslinu er sjór en sökum þess hversu mikið brim er í fjörunni er ekki talið framkvæmanlegt að koma frárennslinu út fyrir stórstraumsfjöru.

Tekið er sýni úr frárennslinu einu sinni á ári og mælt Heildar köfnunarefni, COD, Svifagnir, NH₃-N, leysanlegt fosfór og heildar fosfór. Helstu efni sem talin eru geta mögulega valdið áhrifum eru köfnunarefni og fosfór. Magn þeirra á hvert framleitt tonn hefur alltaf verið undir mörkum starfsleyfis og hefur tekist að lækka þau seinustu árin eins og sjá má á eftirfarandi töflu. Reikna má með að þrátt fyrir aukna framleiðslu munu þessi efni minnka í frárennslinu með mótvægisáðgerðum í hreinsun frárennslis.

Tafla 4.1. Magn fosfórs (P) og köfnunarefnis (N) í kg á framleitt tonn.		
	Fosfór	Köfnunarefni
2022	7,20	33,60
2021	9,64	43,38
2020	11,25	50,62
2019	10,32	63,65
2018	6,27	NA
2017	3,26	NA

Eldi hefur verið samfleytt á þessum stað frá árinu 1980 og hefur ekki verið vart við nein umhverfisáhrif frá því fyrir utan að fugl safnast fyrir í fjörunni og sveppur getur safnast á steina sem síðan hreinsast af í næsta brimi. Frárennslið fer beint út í sjó fyrir opnu hafi og þar sem frárennslið verður hreinsað verður ekki um að ræða uppsöfnun á lífrænum úrgangi í fjörunni sem ætti að minnka ásókn fugla í fjöruna. Skjálfaflói er stór, djúpur og opinn. Frárennsli frá stöðinni blandast fljótt og berst með straumum norður með Tjörnesi. Hafalda gengur inn að bökkunum það sem Fiskeldið Haukamýri er staðsett og mun róta upp fjörunni og fjarlægja hugsanlegar litlar agnir sem kunna að safnast á milli steina í fjörunni. Það er því talið að umhverfisáhrif frárennslis Fiskeldisins Haukamýri verði óveruleg.

Byggt að þeim gögnum sem fjallað er um hér að ofan og er ítarlega farið yfir í Matsskyldufyrirspurn fyrir Fiskeldið Haukamýri þá er það mat okkar að starfsemin mun hafa óveruleg áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins og ekki hafa afgeirandi áhrif á gæðaflokka þess og ætti því ekki að verða þess valdandi að vatnshlotið falli um flokk. Muni einhverjar vísbendingar koma fram síðar um að starfsemin geti haft afgerandi áhrif á gæðaflokk vatnshlotsins og verða þess valdandi að það geti fallið um flokk verður brugðist við og reynt að fyrirbyggja það með öllum tiltækum ráðum.

Það er okkar markmið að framleiða háægða vöru á umhverfisvænan- og sjálfbæran hátt.